



Fréttabréf Svansins

Desember 2013

svanurinn.is

Nýtt leyfi - Farfuglaheimilið Loft, Bankastræti

Farfuglaheimilið Loft er nýjasti Svansleyfishafinn, en það er þriðja Svansvottaða farfuglaheimilið á Íslandi. Hin tvö eru Farfuglaheimilið í Laugardal og á Vesturgötu. Loft hélt upp á Svansvottunina á dögum í ný-
uppgerðu og stórglæsilegu húsnæði sínu í Bankastræti. Gaman er að geta þess að við endurgerð húsnæðisins var tekið tillit til umhverfismála í hvarvetna og árangurinn fer ekki fram hjá neinum. Um leið og við óskum Farfuglum innilega til hamingju með árangurinn viljum við hvetjum alla til að koma við á Loft í jólainnkaupunum í miðbænum og skoða þetta fallega farfuglaheimili.

Staða leyfa og ráðstefna Svansins

26 íslensk fyrirtæki hafa nú fengið Svansvottun og um 18 umsóknir eru í vinnslu. Ráðstefna Svansins fyrir leyfishafa og umsækjendur var haldin í veislusal hins Svansvottaða veitingastaðar Nauthóls 20. nóvember síðastliðinn. Þema ráðstefnunnar að þessu sinni var „Sjónum beint að innkaupamálum“ og voru haldin ýmis áhugaverð erindi, m.a. um nútíma neytandann og ný viðmið fyrir hótél, veitingarekstur og ráðstefnurými. Einnig voru haldnar mjög áhugaverðar kynningar um reynslu Landspítalans og ÁTVR af umhverfisstarfi og vistvænum innkaupum. Þetta eru aðilar sem setja umhverfismál í forgang og því áhugavert að heyra hvernig þau nálgast sín innkaup, samskipti við birgja og markmiðasetning í þessum málum. Að lokum var Innkaupanetið kynnt fyrir ráðstefnugestum en um það má lesa nánar hér fyrir neðan. Erindi ráðstefnunnar má nálgast á vefnum www.ust.is/atvinnulif/svanurinn undir *Viðburðir og útgefið efni*.

Innkaupanetið

Innkaupanetið hefur um árabil verið starfrækt á Norðurlöndunum með góðum árangri og verður stofnað á Íslandi 10. mars 2014. Innkaupanetið er fyrir fyrirtæki sem vilja minnka sín umhverfisáhrif með vistvænum innkaupum. Netið veitir stuðning, aðhald og leiðbeiningar um hvernig gott er að bera sig að. Svansvottuðum fyrirtækjum er velkomið að taka þátt en félagsskapurinn er fyrst og fremst hugsaður fyrir fyrirtæki sem ekki getað fengið Svansvottun, svo sem banka, verkfræðistofur, tryggingafélög, skólaföstudagarnir o.fl. Áhugasamir geta beint fyrirspurnum um Innkaupanetið til Önnu Sigurveigar (anna.ragnarsdottir@umhverfisstofnun.is)



Ný viðmið - hótél, veitingarekstur og ráðstefnurými - prentsmiðjur

Ný sameinuð viðmið fyrir hótél, veitingastaði og ráðstefnurými tóku gildi 23. október 2013. Núverandi viðmið fyrir hótél og veitingastaði hafa verið framlengd til 15. júní 2015. Einnig hafa verið gefin út ný viðmið fyrir starfsemi prentsmiðja en það var gert í lok árs 2011. Nýr portall fyrir prentsmiðjur, My Swan Account (MSA), hefur verið hannaður til að þjóna nýju viðmiðunum og hafa Svansvottaðar prentsmiðjur á Íslandi fengið aðgang að MSA. Nú er unnið að því að koma efna- og pappírsvörum inn í portalinn en stefnt er að því að því verði lokið í apríl 2014 fyrir allar íslenskar prentsmiðjur. Vottun prentsmiðja samkvæmt nýjum viðmiðum skal vera lokið ekki seinna en í febrúar 2015. Skrifstofa Svansins er að sjálfsögðu reiðubúin að leiðbeina og svara fyrirspurnum um ferlið.



Svanurinn.is

Ágætis byrjun – uppgjör á verkefni

Kynningarverkefnið *Ágætis byrjun* gekk vonum framár á árinu en verkefninu var ýtt úr vör í október 2011. Markmið verkefnisins var að kynna Svaninn fyrir verðandi og nýbökuðum foreldrum með dreifingu taupoka sem innihélt fræðslubækling um Svaninn ásamt vöruprufum af Svansmerktum vörum fyrir móður og barn. Verkefnið vakti mikla lukku meðal foreldra sem voru ánægðir með að fá vöruprufur og upplýsingar um umhverfismerktar vörur fyrir móður og barn.

Græn jól og áramót

Nú fer að stytast í jól og áramót, og af því tilefni viljum við vekja athygli leyfishafa og umsækjenda á skemmtilegu blaði sem Umhverfisstofnun gaf út fyrir jólin 2011. Markmið útgáfu blaðsins var að vekja neytandann til umhugsunar og gefa góð ráð til að minnka umhverfisáhrif jólahaldsins. Blaðið má finna [hér](#). Að lokum viljum við þakka leyfishöfum og umsækjendum fyrir samstarfið á árinu sem er að líða og óskum ykkar gleðilegra jóla.

Starfsmenn Svansins

Anna Sigurveig Ragnarsdóttir (anna.ragnarsdottir@umhverfisstofnun.is), Elva Rakel Jónsdóttir (elva@umhverfisstofnun.is) og Ragnhildur Gunnarsdóttir (ragnhildur.gunnarsdottir@umhverfisstofnun.is) starfa á skrifstofu Svansins. Fyrir almennar fyrirspurnir bendum við á svanurinn@umhverfisstofnun.is.

Svanurinn fyrir umhverfi og heilsu

